

LÖG

um Ríkisútværpið, fjölmáðil í almannapágu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi með fjölmáðlaþjónustu í almannapágu. Ríkisútvarpinu er falin framkvæmd hennar eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Ríkisútværpið er þjóðarmáðill og skal rækja fjölbreytt hlutverk sitt af fagmennsku, metnaði, heiðarleika og virðingu. Það skal leggja rækt við íslenska tungu, menningu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

2. gr.

Eignarhald og samningur um fjölmáðlun í almannapágu.

Ríkisútværpið er sjálftætt opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Sala Ríkisúvarpsins eða hluta þess, sameining við önnur félög eða slit eru óheimil.

Til að rækja hlutverk sitt samkvæmt lögum þessum er Ríkisútvarpinu heimilt að eiga, leigja og reka hvers konar búnað og eignir, þar á meðal dótturfélög, fasteignir og tæknibúnað.

Ríkisútværpið fær leyfi samkvæmt lögum þessum til útvarps á þeim rásum og tíðnisviðum sem það fær til umráða eða því kann síðar að verða úthlutað.

Ráðherra gerir samning við Ríkisútværpið um fjölmáðlun í almannapágu til fjögurra ára í senn. Í samningi skal nánar kveðið á um markmið, hlutverk, skyldur og umfang starfseminnar skv. 1. og 3. gr. Í honum skal einnig kveðið á um fjármögnun fjölmáðlunar í almannapágu á öllu samningstímabilinu.

II. KAFLI

Hlutverk og skyldur.

3. gr.

Fjölmáðlaþjónusta í almannapágu.

Um fjölmáðlaþjónustu Ríkisúvarpsins í almannapágu gildir eftirfarandi:

1. Fjölmáðlaþjónusta Ríkisúvarpsins í almannapágu hefur það markmið að mæta lýðræðislegum, menningarlegum og samfélagslegum þörfum í íslensku samfélagi með miðlun texta, hljóðs og mynda.

2. Ríkisútvarpið skal framleiða og miðla vönduðu og fjölbreyttu efni með mismunandi tæknilegum aðferðum til allra landsmanna óháð búsetu. Ríkisútvarpið skal gera ráðstafanir til að hægt sé að flyttja fréttir og framleiða efni utan höfuðborgarsvæðisins með fastri starfsemi á völdum svæðum.
3. Fjölmíðlaefnið skal hið minnsta vera fréttir og fréttaskýringar, fræðsluþættir, íþróttabættir, afþreying af ýmsum toga, lista- og menningarþættir og sérstakt efni fyrir börn og ungmenni.
4. Ríkisútvarpið skal dreifa efni til alls landsins og næstu miða með a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá árið um kring. Enn fremur að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru efni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlunarleiðum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að efninu og/eða þjónustunni á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs.
5. Ríkisútvarpið skal í samvinnu við til þess bær stjórnvöld tryggja nauðsynlega öryggisþjónustu með upplýsingamiðlun um útvarp og þegar við á eftir öðrum boðleiðum. Ríkisútvarpið skal í því skyni setja sér öryggisstefnu um órofinn rekstur hljóðvarpsþjónustu um land allt og á næstu miðum.
6. Ríkisútvarpið skal varðveita hljóðritanir, filmur, myndefni og aðrar sögulegar minjar sem ætla má að hafi menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og heyra ekki sérstaklega undir lög um skylduskil til safna. Ríkisútvarpið skal tryggja sem greiðast aðgengi að safnaefni, hvort sem er til einkanota eða til viðskiptalegrar hagnýtingar sjálfstæðra framleiðenda. Heimilt er að fela viðurkenndum söfnum varðveislu framan-greindra menningar- og söguminja en óheimilt er að selja þær, gefa eða farga nema að fenginni umsögn safnaráðs samkvæmt safnalögum.
7. Ríkisútvarpið skal skapa vettvang fyrir aðkomu almennings að stefnumótun fjölmíðlunar í almannapágu með fyrirkomulagi sem nánar er kveðið á um í samþykktum Ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarpið skal sinna lýðræðislegu hlutverki sínu m.a. með því að:

1. Hafa í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, þ.m.t. um mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana.
2. Veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttu- og fréttaskýringarþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar.
3. Vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni og almenning varða.
4. Kynna margbreytileika mannlífs, lífsviðhorfa og lífsskilyrða í landinu.
5. Miðla upplýsingum og veita landsmönnum innsýn í alþjóðamál, mismunandi menningarheima og ólkf sjónarmið.
6. Hafa hlut karla og kvenna sem jafnastan í starfsemi Ríkisútvarpsins og í dagskrá þess.
7. Kynna framboð til almennra kosninga, helstu stefnumál framboða, frambjóðenda og fylkinga eftir atvikum og greina ítarlega frá niðurstöðum kosninga. Þá skal það veita öllum gildum framboðum til Alþingis og forsetakosninga, sem og fylkingum í þjóðar-atkvæðagreiðslum, jafnt tækifæri til að kynna stefnumál sín á hefðbundnum dagskrártíma í sjónvarpi. Ríkisútvarpið skal birta reglur þar að lútandi. Í alþingiskosningum er heimilt að takmarka útsendingartíma þeirra framboða sem ekki bjóða fram í öllum kjör-dænum þannig að þau fái hlutfall af heildarútsendingartíma til samræmis við það hlutfall kjördæma sem þau bjóða fram í.

Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:

1. Leggja rækt við íslenska tungu.
2. Kynna sögu þjóðarinnar, menningararfleifð og náttúru.
3. Bjóða fjölbreytt og vandað menningarefni og fjalla um ólík svið menningar, lista og íþróttá á Íslandi og erlendis, auk þess að vera vettvangur umræðna og skoðanaskipta um íslenska menningu og samfélag.
4. Framleiða sjálf og í samstarfi við aðra lista- og menningarefni, með sérstakri áherslu á leikið efni, auk þess að endurspeglar samtíma menningu þjóðarinnar. Ríkisútvarpið skal vera virkur þáttakandi í íslenskri kvíkmyndagerð, m.a. með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum. Í samningi sem ráðherra gerir við Ríkisútvarpið skv. 4. mgr. 2. gr. skal mælt fyrir um lágmarkshlutfall dagskrárefnis sem keypt er af sjálfstæðum framleiðendum.
5. Framleiða og miðla fjölbreyttu efni við hafi barna og ungmenna.
6. Miðla afþreyingar- og menningarefni við hafi fólk á öllum aldri. Erlent efni skal vera frá mismunandi menningarheimum og áhersla lögð á norrænt og annað evrópskt efni.

Í starfsháttum sínum skal Ríkisútvarpið:

1. Vera til fyrirmynnar um gæði og fagleg vinnubrögð.
2. Ábyrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð, leitað sé upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og sjónarmið þeirra kynnt sem jafnast.
3. Sannreyna að heimildir séu réttar og að sanngirni sé gætt í framsetningu og efnistökum.
4. Virða friðhelgi einkalífsins í fréttum og dagskrárefni nema lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins og upplýsingaréttur almennings krefjist annars.
5. Vera óháð stjórnmálalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efnismeðferð og ritstjórnarákvörðunum.
6. Stunda vandaða og gagnrýna fréttamennsku og rýna m.a. störf yfirvalda, félaga og fyrirtækja sem hafa áhrif á hag almennings.
7. Taka dagskrárvardanir á faglegum forsendum.

4. gr.

Önnur starfsemi.

Ríkisútvarpið skal stofna og reka dótturfélög, sem að fullu leyti eru í eigu þess, fyrir aðra starfsemi en þá sem kveðið er á um í 3. gr. Þá er Ríkisútvarpinu heimilt að eiga hlut í fyrirtækjum sem framleiða, vinna eða dreifa dagskrárefni.

Tilgangur dótturfélaga Ríkisútvarpsins er að styðja við starfsemi móðurfélagsins með því að nýta tæknibúnað, dreifikerfi, sérþekkingu starfsmanna og aðstöðu Ríkisútvarpsins til annarrar starfsemi en þeirrar sem fellur undir 3. gr. Innan starfseimi dótturfélaga fellur m.a. að taka saman, gefa út og dreifa hvers konar áður framleiddu efni í eigu Ríkisútvarpsins. Einnig að selja birtingarrétt að efni Ríkisútvarpsins og að framleiða og selja vörur sem tengjast framleiðslu Ríkisútvarpsins á efni sem fellur undir 3. gr. Dótturfélagi er heimilt að semja við önnur fyrirtæki um framangreind verkefni. Ríkisútvarpið skal setja gjaldskrá fyrir þessa starfsemi og birta á vef sínum.

Ríkisútvarpið skal fela dótturfélagi að selja birtingar á viðskiptaboðum í miðlum Ríkisútvarpsins, sbr. 7. gr. Fjárréiðum vegna sölu á birtingu viðskiptaboða skv. 7. gr. skal halda aðgreindum frá starfsemi sem fellur undir 3. gr.

Starfsemi dótturfélaga Ríkisútværpsins samkvæmt þessari grein lýtur sömu löggjöf og starfsemi félaga í samkeppnisrekstri. Viðskipti Ríkisútværpsins og dótturfélaga þess skulu fara fram á markaðslegum forsendum.

Tryggja skal ritstjórnarlegan aðskilnað milli Ríkisútværpsins og dótturfélaga þess.

Nánar skal kveða á um skipan stjórna í dótturfélögum Ríkisútværpsins í samþykktum þess.

5. gr.

Fjárhagslegur aðskilnaður.

Halda skal fjárreiðum alls reksturs vegna fjölmiðlaþjónustu í almannapágu skv. 3. gr. aðskildum frá fjárreiðum annars reksturs á vegum Ríkisútværpsins eða dótturfélaga þess. Er Ríkisútværpinu óheimilt að nota fjármuni frá rekstri skv. 3. gr. til þess að greiða niður kostnað vegna annarrar starfsemi. Rekstrarafgang af starfsemi dótturfélaga skal nýta til starfsemi skv. 3. gr. og eftir atvikum til að auka eigið fé samkvæmt nánari ákvörðun aðalfundar.

6. gr.

Textun og táknmálstúlkun.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútværpsins, skal fylgja íslenskt tal, íslensk talsetning eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði er gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal, eftir því sem kostur er, látin fylgja endursögn, textun eða kynning á íslensku á þeim atburðum sem sýndir eru. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausrí íslensku.

Ríkisútværpið skal veita heyrnarskertum aðgang að fjölmiðlaþjónustu í almannapágu með textun á fréttum og öðru sjónvarpsefni, með textavarpi, útsendingum á táknmáli og/eða öðrum miðlunarleiðum er henta í þessu skyni og eru í samræmi við tæknilega möguleika á hverjum tíma.

Í samningi ráðherra við Ríkisútværpið, sbr. 4. mgr. 2. gr., skal kveðið á um hvernig best verði tryggt aðgengi og þjónusta við þá sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að nýta sér hefðbundna fjölmiðlaþjónustu í almannapágu.

Ef rof verður á dagskrá eða fréttatímar sendir út við sérstakar aðstæður skal Ríkisútværpið gera mikilvæg skilaboð og fréttir aðgengilegar heyrnarskertum með táknmálstúlkun og/eða textun.

Ríkisútværpið skal leita leiða til að koma til móts við sjónskerta með tæknilegum aðferðum.

7. gr.

Viðskiptaboð.

Viðskiptaboð skulu skýrt afmörkuð frá öðru dagskrárefni Ríkisútværpsins og gæta skal hófsemi í birtingu.

Ríkisútværpinu er óheimilt að afla tekna með kostun dagskrárefnis en þó má víkja frá því í eftirfarandi tilvikum:

- við útsendingu íburðarmikilla dagskrárlíða til að mæta útgjöldum við framleiðslu eða kaup á sýningarrétti,
- við útsendingu innlendra íþróttaviðburða og umfjöllun um þá.

Ríkisútværpinu er óheimilt að slíta í sundur dagskrárlíði með viðskiptaboðum í sjónvarpi en þó má víkja frá því við útsendingu íburðarmikilla dagskrárlíða eða eigin framleiðslu sem

er a.m.k. 60 mínútur að lengd. Ríkisútvarpið setur reglur um þau undanþágutilvik sem getið er í 1. másl.

Við myndmiðlun skal hlutfall viðskiptaboða og fjarkaupainnskota innan hverrar klukkustundar ekki fara yfir átta mínútur. Í merkingu þessa ákvæðis telst eftirfarandi ekki til viðskiptaboða:

- a. Tilkynningar frá Ríkisútvarpinu um myndmiðlunarefnini þess og stoðframleiðslu sem leiðir beint af því efni, kostunartilkynningar og tilkynningar um vöruinnsetningu og sýndarauglýsingar.
- b. Tilkynningar um opinbera þjónustu og hjálparbeiðnir líknarstofnana sem birtar eru endurgjaldslaust.

Ríkisútvarpið skal setja og birta gjaldskrá fyrir viðskiptaboð. Við sölu viðskiptaboða skal gætt jafnræðis gagnvart viðskiptamönum Ríkisútvarpsins. Afsláttarkjör fyrir kostunaraðila og auglýsendur skulu vera gagnsæ og standa öllum viðskiptamönum til boða fyrir sambærilegt umfang viðskipta.

Ríkisútvarpinu er óheimilt að selja viðskiptaboð til birtingar á veraldarvefnum. Heimilt er þó að láta þau viðskiptaboð og kostunartilkynningar sem eru hluti af útsendingu dagskrár Ríkisútvarpsins birtast á vef þess. Þá er Ríkisútvarpinu heimilt að birta á vef sínum viðskiptaboð og kostunartilkynningar sem tengjast vefútsendingum sérstaklega og kynna þar dagskrá Ríkisútvarpsins ásamt þjónustu og hlutum sem tengjast henni.

Vöruinnsetning er óheimil í efni sem Ríkisútvarpið framleiðir sjálft og/eða framleiðir í samstarfi við aðra innlenda aðila og er sérstaklega framleitt fyrir Ríkisútvarpið. Ríkisútvarpinu er þó heimilt að nota upptökustaði og leikmuni eða vísa til ákveðinnar þjónustu vegna notagildis og/eða í listrænum tilgangi og skal það gert með látlasum hætti.

Ríkisútvarpið setur reglur um birtingu viðskiptaboða og kostun dagskrárefnis samkvæmt þessari grein, þ.m.t. um rof á dagskrárefni vegna birtingar viðskiptaboða, og skulu þær birtar á vef þess.

III. KAFLI Stjórnskipulag Ríkisútvarpsins.

8. gr.

Umboð ráðherra.

Ráðherra fer með eignarhlut íslenska ríkisins í Ríkisútvarpinu.

Um réttindi og skyldur Ríkisútvarpsins skal mælt nánar fyrir í samþykktum þess.

9. gr.

Stjórn Ríkisútvarpsins.

Stjórn Ríkisútvarpsins skal kosin á aðalfundi. Aðalfundur skal haldinn fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Stjórn Ríkisútvarpsins skipa sjö menn og jafnmargir til vara. Ef atkvæði falla jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

Áður en stjórn er kosin á aðalfundi skal hún tilnefnd til tveggja ára í senn:

1. Ráðherra tilnefnir einn mann sem kjörinn skal formaður og einn til vara. Stjórn skiptir með sér öðrum verkum.
2. Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins tilnefna einn mann og annan til vara á löglega boðuðum fundi og hafa þeir málfrelni og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt í stjórn Ríkisútvarpsins.

Ráðherra skipar fimm manns og jafnmarga til vara í valnefnd til tveggja ára í senn. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis tilnefnir þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara, Bandalag

íslenskra listamanna tilnefnir einn fulltrúa og annan til vara og Samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefnir einn fulltrúa og annan til vara.

Hlutverk valnefndar er að tilnefna fimm fulltrúa í stjórn og fimm til vara sem skulu kosni í stjórn Ríkisútvarpsins. Við tilnefningu á fulltrúum í stjórn skal valnefnd hafa hagsmuni Ríkisútvarpsins að leiðarljósi og að meðal stjórnarmanna sé m.a. þekking og reynsla af fjölmíðlun, menningarmálum, nýjum miðlum á hverjum tíma, rekstri og stjórnun fyrirtækja. Þá skal gæta að jafnrétti kynjanna í tilnefningum valnefndar.

Stjórnarmenn skulu uppfylla hafi skv. 66. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum. Þeir mega ekki, hvorki beint né óbeint, inna af hendi nokkurt starf, taka við greiðslu eða hafa nokkurra hagsmunu að gæta í öðrum fjölmíðlafyrirtækjum eða fjölmíðlatengdum fyrirtækjum sem leitt geta til árekstra við hagsmuni Ríkisútvarpsins. Kjörnir fulltrúar til Alþingis og sveitarstjórnar eru ekki kjörgengir í stjórn Ríkisútvarpsins.

10. gr.

Starfssvið stjórnarinnar.

Stjórn Ríkisútvarpsins fer með æðsta vald í málefnum þess á milli aðalfunda. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri Ríkisútvarpsins og að farið sé að lögum um Ríkisútvarpið, að samþykktir þess og ákvæði samnings um fjölmíðlun í almannapágu séu uppfyllt. Starfssvið stjórnar Ríkisútvarpsins nær sérstaklega til eftirfarandi þátta í starfi þess:

1. Að móta í samvinnu við útvarpsstjóra dagskrárstefnu og megináherslur í starfi Ríkisútvarpsins til lengri tíma.
2. Að staðfesta skipurit fyrir Ríkisútvarpið. Að ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum. Er stjórn skylt að auglýsa stöðu útvarpsstjóra opinberlega.
3. Að taka ákvarðanir um lán og ábyrgðir vegna Ríkisútvarpsins.
4. Að taka meiri háttar ákvarðanir um rekstur Ríkisútvarpsins, þ.e. ákvarðanir sem ekki falla undir daglegan rekstur, ýmist að eigin frumkvæði eða að fengnum tillögum útvarpsstjóra eða annarra starfsmanna.
5. Að fylgjast með starfsemi og verkefnum Ríkisútvarpsins. Skal útvarpsstjóri gæta þess að stjórnin sé á hverjum tíma upplýst um helstu þætti í starfsemi Ríkisútvarpsins. Áætlanir sem gerðar eru fyrir hvert ár skulu kynntar í stjórn.
6. Að fylgjast með rekstri Ríkisútvarpsins og samþykka fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár.
7. Að gera grein fyrir því í ársskýrslu til aðalfundar hvernig tekist hefur að uppfylla lögþundnar skyldur Ríkisútvarpsins um fjölmíðlaþjónustu í almannapágu.
8. Að öðru leyti en að framan greinir er starfssvið stjórnar ákveðið í samþykktum Ríkisútvarpsins, sbr. lög um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

11. gr.

Útvarpsstjóri.

Útvarpsstjóri er framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins og skal uppfylla hæfisskilyrði skv. 5. mgr. 9. gr.

Útvarpsstjóri skal ráðinn til fimm ára í senn og er heimilt að endurráða hann einu sinni. Hann hefur daglegan rekstur Ríkisútvarpsins með höndum og er jafnframt æðsti yfirmaður allrar dagskrágerðar.

Við daglegan rekstur Ríkisútvarpsins skal útvarpsstjóri hafa að leiðarljósi hlutverk og skyldur þess eins og kveðið er á um í lögum þessum.

Útvarpsstjóri ræður aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins. Stöður stjórnenda Ríkisútvarpsins skulu auglýstar opinberlega.

12. gr.

Réttindi og skyldur starfsmanna fréttastofu og dagskrárgerðarmanna.

Útvarpsstjóri, í samráði við starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins, setur starfsreglur fyrir starfsmenn fréttastofu og dagskrárgerðarmenn Ríkisútvarpsins og skilyrði áminningar og starfsloka. Þar skal m.a. kveðið á um að málefnalegar ástæður þurfi ætið að liggja að baki brottrekstri starfsmanns.

Telji starfsmaður ástæður brottrekstrar ekki málefnalegar á hann rétt á skriflegri skýringu.

13. gr.

Innra eftirlit og gæðamál.

Ríkisútvarpið birtir reglur um innra eftirlit og gæðamál, þ.m.t. meðferð athugasemda og kvartana. Athugasemdir og kvartanir um dagskrárefni verða að berast skriflega til Ríkisútvarpsins innan fjögurra vikna frá miðlun efnis.

IV. KAFLI

Tekjur Ríkisútvarpsins.

14. gr.

Tekjustofnar.

Tekjustofnar Ríkisútvarpsins eru sem hér segir:

1. Samkvæmt sérstöku gjaldi sem ríkisskattstjóri leggur á samhliða álagningu opinberra gjalda skv. 93. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Gjaldskylda hvílir á þeim einstaklingum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt, og þeim lögaðilum sem skattskyldir eru og bera sjálfstæða skattaðild skv. 2. gr. sömu laga, öðrum en dánarbúum, þatabúum og þeim lögaðilum sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. sömu laga. Undanþegnir gjaldinu eru þeir einstaklingar sem ekki skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða skulu fá það gjald fellt niður skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Gjaldið skal nema 18.800 kr. ár hvert á hvern einstakling og lögaðila.
2. Rekstrarafgangur af starfsemi sem fellur undir 4. gr.
3. Tekjur af þjónustu sem fellur undir 3. gr., sbr. 3. mgr.
4. Aðrar tekjur sem Alþingi kann sérstaklega að ákveða.

Um álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Í stað tíu gjald-daga skulu gjalddagar einstaklinga vera 1. ágúst, 1. september og 1. október. Gjalddagi lög-aðila er 1. nóvember. Dragist framlagning álagningarskrár fram yfir 1. ágúst eða 1. nóvember færast gjalddagar til um einn mánuð. Fyrsta virkan dag hvers mánaðar skal ráðuneyti sem fer með fjáreiður ríkisins greiða Ríkisútvarpinu fyrir fram fjárhæð sem svarar til áætlaðs $\frac{1}{12}$ heildartekna af gjaldi ársins samkvæmt þessari grein sem koma skal árlega til uppgjörs á móti innheimtu skv. 1. tölul. 1. mgr.

Ríkisútvarpið setur gjaldskrá fyrir þjónustu sem er veitt á sviðum er falla undir 3. gr. og skal hún taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna og höfundaréttar- og flutningsréttargjöldum. Við öflun eigin tekna skal Ríkisútvarpið gæta jafnræðis gagnvart viðskiptamönnum þess og byggja ætið á málefnalegum sjónarmiðum og starfa í samræmi við heilbrigða viðskiptahætti.

V. KAFLI

Eftirlit, mat og viðurlög.

15. gr.

Eftirlit og mat.

Fjölmíðlanefnd skal árlega leggja sjálfstætt mat á það hvort Ríkisútværpið hafi uppfyllt almannaþjónustuhlutverk sitt skv. 3. gr. Matið skal afhent stjórn Ríkisúvarpsins og ráðherra eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ársskýrsla Ríkisúvarpsins hefur verið birt.

Ríkisútværpið skal láta fjölmíðlanefnd í té upplýsingar til að hún geti sannreynt og metið gagnsæi og hlutlæga kostnaðargreiningu á almannaþjónustuhlutverki Ríkisúvarpsins, byggða á ársreikningi næstliðins árs, að teknu tilliti til tekna að frádegnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur. Fjölmíðlanefnd skal njóta liðsinnis Ríkis-endurskoðunar í þessu efni.

16. gr.

Mat á nýrri fjölmíðlaþjónustu í almannaþágu.

Ríkisútværpið skal óska eftir heimild ráðherra fyrir nýrri fjölmíðlaþjónustu í almannaþágu skv. 3. gr. ef áætlað er að hún muni kosta meira en sem nemur 10% af innheimtu útvárpsgjaldi. Jafnframt skal óska eftir mati fjölmíðlanefndar á nýrri fjölmíðlaþjónustu í almannaþágu og skal liggja fyrir ítarlegur rökstuðningur og fjárhagsáætlun. Enn fremur skulu koma fram áætluð áhrif, nýbreytni og eftir atvikum tímalengd þjónustunnar.

Ný fjölmíðlaþjónusta í almannaþágu telst vera sú þjónusta sem er í grundvallaratriðum ólík þeirri þjónustu sem Ríkisútværpið veitir skv. 3. gr. Fjölmíðlanefnd skal meta fyrirhugaða þjónustu og hvort hún uppfyllir lýðræðislegar, menningarlegar og samfélagslegar þarfir í íslensku samfélagi og gera tillögu til ráðherra um hvort hún skal heimiluð.

Gefa skal hagsmunaaðilum og almenningi þriggja vikna frest til að koma athugasemdu sínum á framfæri við fjölmíðlanefnd. Ef hagsmunaaðili óskar eftir því sérstaklega skal fjölmíðlanefnd leita álits óháðs sérfræðings í samkeppnismálum sem metur þjónustuna með tilliti til samkeppnissjónarmiða. Við mat á hinni lýðræðislegu, menningarlegu og samfélagslegu þýðingu þjónustunnar getur fjölmíðlanefnd jafnframt leitað álits óháðs sérfræðings í þeim efnunum. Skal Ríkisútværpið bera kostnað af mati óháðra sérfræðinga, að fengnu samþykki þess.

Ríkisútvarpinu er heimilt, að undangenginni tilkynningu til fjölmíðlanefndar, að setja á fót nýja fjölmíðlaþjónustu í almannaþágu í tilraunaskyni í allt að 24 mánuði. Heimilt er að hefja slíka þjónustu þegar liðnir eru 30 dagar frá tilkynningu til fjölmíðlanefndar hafi nefndin ekki gert athugasemdir eða sett frekari skilyrði. Fjölmíðlanefnd leggur mat á hvort eftirtalin skilyrði séu uppfyllt fyrir fyrirhugaða tilraunabjónustu:

- þjónustan sé ætluð afmörkuðum fjölda þáttakenda eða íbúum á tilteknu svæði,
- reynslutíminn verði nýttur til að safna upplýsingum um hvort raunhæft sé að veita hina fyrirhuguðu þjónustu sem og upplýsingum um ávinning af þjónustunni fyrir lýðræðislegar, menningarlegar eða samfélagslegar þarfir þess markhóps sem þjónustan er sniðin að.

Óheimilt er að nýta reynslutíma til að koma upp umfangsmikilli nýrri og fullmótaðri hljóð- og myndþjónustu sem fellur undir 1. mgr. Ef ákvæðið er, að reynslutíma loknum, að halda þjónustunni áfram skal óskað eftir mati fjölmíðlanefndar ef umfang þjónustunnar fellur undir ákvæði 1. mgr.

Við sérstakar aðstæður er varða almannaheill er Ríkisútvarpinu heimilt að setja á fót nýja fjölmíðlaþjónustu í almannaþágu til þess að uppfylla sérstök lýðræðisleg, menningarleg og

Nr. 23

20. mars 2013

samfélagsleg markmið án þess að fram fari mat á henni. Miðlun efnis á nýjum dreifileiðum telst ekki til nýrrar þjónustu. Þó skal tilkynna ráðherra og fjölmíðlanefnd um þjónustu við sérstakar aðstæður samkvæmt þessari grein áður en hún hefst.

Skal ráðherra innan 12 vikna frá því að ósk Ríkisútværpsins berst kynna ákvörðun sína sem byggð er á tillögu fjölmíðlanefndar.

Nánar skal kveðið á um mat á nýrri fjölmíðlaþjónustu í almannapágu í reglugerð sem ráðherra setur að tillögu fjölmíðlanefndar.

17. gr.

Stjórnvaldssektir.

Fjölmíðlanefnd getur lagt stjórnvaldssektir á Ríkisútværpið sé brotið gegn ákvæðum 7. gr. um viðskiptaboð.

Sektir skv. 1. mgr. geta numið allt að 10 millj. kr. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna Ríkisútværpsins af broti þegar það á við. Um rannsókn og meðferð mála samkvæmt þessari grein fer eftir viðeigandi ákvæðum laga um fjölmíðla, nr. 38/2011.

Falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beiingu sekta. Í slíku tilviki er fjölmíðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með útgáfu álits sem birt er á heimasíðu hennar.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Lög um hlutafélög o.fl.

Að öðru leyti en fram kemur í lögum þessum gilda um Ríkisútværpið lög um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum, og lög um fjölmíðla, nr. 38/2011, að 16. og 52. gr. undanskildum.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda um starfsemi Ríkisútværpsins.

19. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó öðlast 3. mgr. 4. gr., 3. og 4. mgr. 7. gr. og 1. og 2. mgr. 14. gr. gildi 1. janúar 2014.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um Ríkisútværpið ohf., nr. 6/2007, með áorðnum breytingum, að undanskilinni 11. gr. þeirra laga sem heldur gildi sínu til 31. desember 2013, sbr. 1. mgr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ríkisútværpinu er heimilt að afla tekna með viðskiptaboðum, sölu og leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess og annarri þjónustu sem fellur undir 4. gr. þarf til dótturfélög hafa verið stofnuð og eru tekin til starfa.

II.

EKKI þarf að meta þá fjölmíðlaþjónustu í almannapágu sem Ríkisútværpið veitir við gildistöku laga þessara. Þó skal Ríkisútværpið senda fjölmíðlanefnd, sbr. 16. gr., tæmandi lista yfir

Nr. 23

20. mars 2013

alla þá fjölmíðlaþjónustu í almannapágu sem það veitir við gildistöku laga þessara, innan þriggja mánaða frá gildistöku þeirra.

III.

Tilnefna skal valnefnd og skipa stjórn skv. 9. gr. á sérstökum aðalfundi sem skal haldinn eigi síðar en þemur mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

IV.

Ný stjórn Ríkisútværpsins sem skipuð er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III skal gera ráðningarsamning og samræma starfskjör útværpsstjóra ákvæðum 2. mgr. 11. gr.

V.

Pegar hliðraent dreifikerfi Ríkisútværpsins fyrir sjónvarp hefur verið lagt niður og dreifing er orðin að öllu leyti staffræn er Ríkisútvarpinu heimilt að hætta útsendingu sérstakra fréttu á táknmáli ef aðalfréttatímar sjónvarps verða táknmálstúlkaðir.

VI.

Eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara skulu Ríkisútvarpíð og ráðherra endurskoða samning um útværpsþjónustu í almannapágu með hliðsjón af ákvæðum laga þessara.

VII.

Premur árum eftir gildistöku laga þessara skal fjölmíðlanefnd skila skýrslu til ráðherra um reynsluna af framkvæmd laganna sem kynnt skal á Alþingi.

VIII.

Innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara skal ráðherra skipa valnefnd skv. 3. mgr. 9. gr. og undirbúa kosningu nýrrar stjórnar Ríkisútværpsins á aukaaðalfundi þess sem halda skal við fyrsta hentugleika. Fram til þess tíma skal starfandi stjórn Ríkisútværpsins halda umboði sínu.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 2013.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.

A-deild – Útgáfud.: 21. mars 2013